



Öryggisblað (MSDS)

Samkvæmt reglugerð 415/2014 (CLP), reglug. 888/2015 (REACH).

1. Auðkenning efnis eða blöndu og upplýsingar um fyrirtæki.

1.1. Auðkenni vöru

Söluheiti vöru: **Dexan Hand Disinfection**
Tilvísunarnúmer: X-DEXHA100, X-DEXHA300, X-DEXHA500

Gerð vöru: Vökvi, blanda.

Reach skráningarnr: Á ekki við.

1.2. Viðeigandi og tilgreind notkun efnisins eða blöndunnar og notkun sem ráðið er frá

Notkun vöru: Sótthreinsiefni fyrir hendur.
Fraráðin notkun: -

1.3. Upplýsingar um fyrirtækið sem lætur gera öryggisblaðið

Fyrirtæki: BEnano ehf. Lækjarmel 8 114 Reykjavík Sími 820 3701
<https://benano.is>

Tengiliður fyrirtækis: benanotech@benanotech.is

Dagsetning 1. útgáfu: 01/07/2020

Endurskoðun, dags.: -

Útgáfa: 1.0

Gerð öryggisblaðs: EFNAVERND ehf. Reykjavík <http://efnavernd.is>

1.4. Neyðarsímanúmer:

Neyðarlínan; sjúkrabifreið, slökkvilið og lögregla: sími 112
Eitrunarmiðstöð Landspítala - háskólasjúkrahúss, Reykjavík: sími 543 2222

2. Hættugreining.

2.1. Flokkun efnisins eða blöndunnar

Flokkun skv. reglugerð nr. 415/2014 með síðari breytingum (CLP)

Eldfimir vökvar, fl. 2 H225

Helstu hættur

Eðlisræn hættu: Mjög eldfimur vökvi og gufa.

Heilsufarshætta: -

Umhverfishætta: -

2.2. Umbúðamerkingar

Umbúðamerkingar skv. reglugerð 415/2014 með síðari breytingum (CLP)



Hættumerki:

Viðvörðunarorð: Hætta

Innihaldsefni: -

Hættusetningar (H): H225 Mjög eldfimur vökvi og gufa.

Varnaðarsetningar (P)

Almennar: -

Forvarnir: P210 Haldið frá hitagjöfum, heitum flötum, neistagjöfum, opnum eldi og öðrum íkveikjuvöldum. Reykingar bannaðar.

P211 Má ekki úða á opinn eld eða aðra íkveikjuvalda.

P280 Notið hlífðarhanska/hlífðarfatnað/augnhlífur/andlitshlífur.

Viðbrögð: P370 + P378 Ef eldur kemur upp: Notið froðu til að slökkva eldinn.

Geymsla: P403 + P235 Geymist á vel loftræstum stað. Geymist á köldum stað.

Förgun: -

Viðbótarupplýsingar: -

2.3. Aðrar hættur

Aðrar hættur: -

PBT/vPvB efni: -

Takmarkanir á notkun: -

Annað: -

Texti allra hættusetninga, sjá kafla 16.

3. Samsetning/upplýsingar um innihaldsefni.

CAS-nr.	EB-nr.	Efnaheiti og skráningarnr.	Magn, %	Flokkun
64-17-5	200-578-6	etanól 603-002-00-5 01-2119457610-43-0000	40 - 60	Eldf. vökvi 2 H225 Augnert. 2 H319
67-63-0	200-661-7	própan-2-ól 603-117-00-0 02-2119752543-38-xxxx	7,5 - 12,5	Eldf. vökvi 2 H225 Augnert. 2 H319 SEM-VES 3 H336
68424-85-1	270-325-2	kvarter ammóníumsambönd, benzýl-C12-16-alkýldímetyl, klóríð	0,05 - 0,2	Bráð eit. 4 H302 Bráð eit. 4 H312 Húðæt. 1B H314 Bráð eit. á vatn 1 H400

100 g af lausninni innihalda 50 g etanól, 10 g ísóprópanól, 0,1 g benzalkóníumklóríð.

Varnaðarmerkingar, sjá kafla 2.

Texti allra hættusetninga, sjá kafla 16.

4. Skyndihjálp.

4.1. Lýsing á skyndihjálparaðgerðum

Almennt: Leitið alltaf lækni í vafatilfellum og ef óþægindi eru viðvarandi. Ef slasaði er meðvitundarlaus skal koma honum fyrir í læstri hliðarlegu og leita lækni. Reynið aldrei að gefa meðvitundarlausum einstaklingi vökva eða fæðu.

<i>Við innöndun:</i>	Flytjið slasaða í ferskt loft og látið hann hvílast á hlýjum stað. Veitið öndunarhjálp og/eða gefið súrefni ef slasaði á erfitt með öndun eða hún hefur stöðvast.
<i>Snerting við húð:</i>	Fjarlægið strax fót sem hafa mengast af efni og þvoið húðina vel með nægu vatni og sápu. Notið EKKI leysiefni eða þynni.
<i>Snerting við augu:</i>	Skolið varlega með vatni í nokkrar mínútur. Fjarlægið snertilinsur ef við á og það er auðvelt og haldið skolun áfram. Leitið strax lækni.
<i>Inntaka:</i>	Skolið munninn með vatni (ef slasaði er með fullri meðvitund). Framkallið EKKI uppköst. Haldið slasaða rólegum. Leitið strax lækni.

4.2. Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin

Áhrif, einkenni: Sjá kafla 11.

4.3. Upplýsingar um tafarlausa lækniúnnun og sérstaka meðferð sem þörf er á

Upplýsingar fyrir heilbrigðisstarfsfólk:

-

5. Viðbrögð við eldsvoða.

5.1. Slökkviefni/búnaður

Heppileg slökkviefni: Alkohólpólin froða, kolsýra, duft, vatnsúði.

Óæskilegur búnaður: Notið ekki háprýsta vatnssprautu.

5.2. Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar

Sérstakar hættur: -

5.3. Ráðleggingar fyrir slökkviliðsmenn

Hlíðarbúnaður: Notið viðeigandi öndunartæki við slökkvistörf.

Sérstakar aðferðir: Kælið lokaðar umbúðir með efni á hættusvæðinu með vatnsúða. Hindrið að vatn sem notað er við slökkvistörf og blandast hefur efni og/eða brunaleifum komist í niðurföll, jarðveg eða vatnsfarvegi. Því þarf að safna og meðhöndla sem efnaúrgang.

6. Ráðstafanir vegna efnaleka.

6.1. Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir

Öryggisráðstafanir: Fjarlægið allt sem getur valdið íkveikju. Loftræstið rýmið þar sem lekinn varð. Forðist innöndun gufu og úða.

Hlífðarbúnaður: Farið eftir upplýsingum um meðhöndlun og persónuhlífar í köflum 7 og 8.

6.2. Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins

Varúðarráðstafanir: Hindrið að efni berist í niðurföll eða í vatn í umhverfinu. Ef efni berst í niðurföll eða vatn í umhverfinu þarf að láta viðkomandi yfirvöld vita.

6.3. Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar

Aðferðir og efni: Notið sand, jarðveg eða önnur óvirk ísogsefni til að hefta og hreinsa upp efni og látið í viðeigandi og merkt ílát til endurvinnslu eða förgunar. Hreinsið mengað svæði vel með viðeigandi hreingerningarefni og vatni. Notið ekki leysiefni.

6.4. Tilvísanir í aðra kafla

Tilvísanir: Sjá kafla 7 fyrir upplýsingar um meðhöndlun.
Sjá kafla 8 fyrir upplýsingar um persónuhlífar.
Sjá kafla 13 fyrir upplýsingar um förgun.

7. Meðhöndlun og geymsla.**7.1. Varúðarráðstafanir fyrir örugga meðhöndlun**

Meðhöndlun: Gufa efnisins er þyngri en loft og getur myndað eldfima/sprengifima blöndu með andrúmslofti. Hindrið myndun á eldfimum/sprengifimum gufum og úða. Vinnusvæði þarf að vera vel loftræst og eftir atvikum búið sérstöku afsogi, t.d. ef hætta er á að efnagufur í andrúmslofti fari yfir mengunarmörk. Forðist opinn eld, hita, neistagjafa og annað sem getur valdið íkveikju og reykið ekki. Notið aðeins neistavarin tæki og áhöld. Raftæki þurfa að vera varin og uppfylla viðeigandi staðla. Forðist snertingu við augu, húð og fatnað. Forðist innöndun ryks, agna og úða/gufu. Neytið ekki matar eða drykkjar eða reykið meðan á notkun stendur. Notið viðeigandi persónuhlífar skv. kafla 8. Notið ekki þrýsting til að tæma ílátíð; ílátíð er ekki þrýstihylki.

7.2. Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna hvers konar ósamrýmanleika

Geymsla: Geymist þar sem börn og aðrir óviðkomandi ná ekki til. Geymist á vel loftræstum og þurrum stað við hita á bilinu 15-30°C. Verjið gegn hita og beinu sólarljósi. Geymist í vel lokuðum umbúðum uppréttum til að fyrirbyggja leka. Geymið efnið aðeins í umbúðum úr sambærilegu efni og upprunalegar umbúðir. Fylgið reglum og leiðbeiningum á umbúðum. Geymið ekki með sterkum sýrum eða bösum. Geymið ekki með oxunarmiðlum.

Ósamrýmanleiki: Sterkar sýrur og basar, oxunarmiðlar.

7.3. Sértek endanleg notkun

Sértek notkun: Athugið tækniupplýsingar og notkunarleiðbeiningar. Lesið umbúðamiða fyrir notkun.

8. Váhrifavarnir/persónuhlífar.**8.1. Mengunarmörk**

Mengunarmörk skv. reglugerð 390/2009 ((MG) = meðalgildi fyrir 8 klst., (PG) = þakgildi):

Etanól:	(MG)	1000 ppm	1900 mg/m ³
Própan-2-ól:	(MG)	200 ppm	490 mg/m ³

8.2. Váhrifavarnir

Tæknilegar aðgerðir: Vinnusvæði þarf að vera vel loftræst og eftir atvikum búið sérstöku afsogi frá mengunaruppsprettu.

Persónuhlífar;
Öndunartæki:

Notið viðeigandi og viðurkennd öndunartæki ef loftræsting er ekki fullnægjandi eða hætta er á að efnagufur í andrúmslofti fari yfir mengunarmörk (tækin eiga að vera með CE-merkingu ásamt fjögurra stafa prófunarnúmeri).

Fyrir augu:

Hlíðargleraugu sem falla vel að gegn slettum.

Fyrir hendur:

Hlíðarhanskar úr nítril- eða bútýlgúmmíi með veggþykkt $\geq 0,7$ mm og gegndræpitíma (hámarks notkunartíma) > 480 mínútur. Mælt er með hönskum

<i>Fyrir húð:</i>	sem uppfylla DIN EN 374 staðalinn. Við val á hlífðarhönskum þarf að taka mið af efnum og öðrum aðstæðum sem þeir komast í snertingu við, t.d. efni, snertitíma og tíðni, núningi, hita ofl. Veljið hlífðarhanska í samráði við söluaðila þeirra m.t.t. efnis, aðstæðna og endingartíma. Hlífðarkrem má nota til að verja óvarða húð. Berið kremið ekki á eftir snertingu við efnið.
<i>Hreinlæti við vinnu:</i>	Hlífðarfatnaður sem tekur ekki í sig stöðurafmagn, annað hvort úr hitaþolnum geriefnum eða hitaþolnum náttúrulegum efnum (t.d. bómull).
<i>Umhverfið:</i>	Neytið ekki matar eða drykkjar eða reykið meðan á notkun stendur. Þvoið hendur og önnur óvarin húðsvæði vel eftir vinnu með efnið.
	Hindrið að efnið berist í niðurföll eða í vatn í umhverfinu.

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar.

9.1. Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika

<i>Ástand:</i>	Vökvi
<i>Útlit:</i>	Litlaus
<i>Lykt:</i>	Einkennandi/etanól
<i>Sýrustig (pH):</i>	4-6 (50% vatnsblanda)
<i>Suðumark:</i>	> 35°C
<i>Bræðslumark:</i>	-
<i>Blossamark:</i>	20°C DIN EN ISO 2719
<i>Sprengimörk:</i>	1,7-37% rúmmáls (leysir)
<i>Eldnærandi:</i>	-
<i>Sjálfikveikja:</i>	Nei
<i>Gufuþrýstingur:</i>	-
<i>Gufuþéttni:</i>	-
<i>Uppgufunarhraði:</i>	-
<i>Rokgjörn lífræn efni:</i>	-
<i>Eðlisþyngd:</i>	0,87-0,91 g/cm ³ við 20°C
<i>Seigja:</i>	-
<i>Leysni:</i>	Blandast vatni fullkomlega
<i>Deilistuðull:</i>	-

9.2. Aðrar upplýsingar

<i>Annað:</i>	-
---------------	---

10. Stöðugleiki og hvarfgirni.

10.1. Hvarfgirni

<i>Hvarfgirni:</i>	Á ekki við.
--------------------	-------------

10.2. Efnafræðilegur stöðugleiki

<i>Stöðugleiki:</i>	Efnið er stöðugt við rétta meðhöndlun og geymslu.
---------------------	---

10.3. Möguleg hættuleg efnahvörf

<i>Hættuleg efnahvörf:</i>	Hvarfast útvermið við sterkar sýrur, basa og oxunarmiðla.
----------------------------	---

10.4. Skilyrði sem þarf að varast

<i>Skilyrði:</i>	Mikill hiti.
------------------	--------------

10.5. Ósamrýmanleg efni

Efni sem skal varast: Sterkar sýrur, basar og oxunarmiðlar.

10.6. Hættuleg niðurbrotsefni

Hættuleg myndefni: Við mikinn hita geta myndast kolmónoxíð, koldíoxíð, nituroxíð og reykur.

11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar.

11.1. Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif

Almennt: -

Helstu áhrifaleiðir: Innöndun, húð, augu, inntaka.

Áhrif við innöndun: Getur valdið ertingu í öndunarferum/slímhúðum. Getur valdið skemmdum á lifur, nýrum og miðtaugakerfi. Einkenni geta verið höfuðverkur, svimi, þreyta, slen, máttleysi og að lokum meðvitundarleysi.

Áhrif á augu: Slettur geta valdið ertingu og tímabundnum skaða.

Áhrif á húð: Innihaldsefni geta borist í gegnum húð og haft sömu áhrif og við innöndun. Endurtekin eða viðvarandi snerting þurrkar húðina og getur valdið húðbólgu án ofnæmis.

Áhrif við inntöku: Getur haft sömu áhrif og við innöndun.

Bráð eiturhrif: Upplýsingar um blönduna liggja ekki fyrir. Sjá almennar heimildir fyrir upplýsingar um einstök innihaldsefni.

Langvinn áhrif: Innihaldsefni geta valdið skemmdum á lifur, nýrum og miðtaugakerfi ef þau berast í líkamann við innöndun eða inntöku eða í snertingu við húð.

12. Vistfræðilegar upplýsingar.

12.1. Eiturhrif

Eiturhrif: Upplýsingar um blönduna liggja ekki fyrir.

12.2 Þrávirkni og niðurbrotanleiki

Þrávirkni/niðurbrot: Upplýsingar um blönduna liggja ekki fyrir. Sjá almennar heimildir fyrir upplýsingar einstök innihaldsefni.

12.3. Uppsöfnun í lifverum

Uppsöfnun í lifverum: Upplýsingar um blönduna liggja ekki fyrir. Sjá almennar heimildir fyrir upplýsingar einstök innihaldsefni.

12.4. Hreyfanleiki í jarðvegi og vatni

Hreyfanleiki: Upplýsingar um blönduna liggja ekki fyrir.

12.5. Mat á PBT/vPvB*- eiginleikum

PBT/vPvB efni: Varan inniheldur ekki PBT/vPvB efni.

12.6. Önnur skaðleg áhrif

Aðrar upplýsingar: -

* PBT: þrávirk efni sem safnast fyrir í lifverum og eru eitruð
vPvB: mjög þrávirk efni sem safnast fyrir í lifverum í miklum mæli.

13. Förgun.

13.1. Aðferðir við meðhöndlun úrgangs

Meðhöndlun úrgangs: Efnið er flokkað sem hættulegur úrgangur. Endurvinnið ef hægt er. Skemmt efni, afgangar og menguð ísogsefni skilist á viðurkennda móttökustöð fyrir spilliefni.

Úrgangsflokkun: 14 06 03 Aðrir leysar og leysablöndur.

Förgun umbúða: Menguðum umbúðum skal farga á sambærilegan hátt og vörunni sjálfri. Hreinar umbúðir má endurvinna.

Endurnýtið eða endurvinnið ef hægt er. Forðist að mengun berist í niðurföll, vötn, vatnsfarvegi, grunnvatn eða jarðveg. Fargið úrgangi í samræmi við innlendar og alþjóðlegar reglur.

14. Upplýsingar um flutninga.

14.1. UN númer

UN númer: 1987

14.2. Rétt UN sendingarheiti

Sendingarheiti: Alkohols, N.O.S. (Ethanol, Isopropanol)

14.3. Hættuflokkur eða flokkar vegna flutninga

Hættuflokkur/flokkar: 3

Varúðarmerki: -

Hættunúmer: -

Gangakóði: D/E

EmS: F-E, S-D

14.4. Pökkunarflokkur

Pökkunarflokkur: II

14.5. Umhverfishættur

Skaðlegt umhverfinu: -

Sjávarmengandi: -

Annað: -

14.6. Sérstakar varúðarráðstafanir fyrir notanda

Varúðarráðstafanir: Flytjið alltaf í öruggum lokuðum umbúðum uppréttum. Flutningsaðili þarf að geta brugðist við leka eða slysi.

14.7. Flutningar búlkafarms skv. II. viðauka MARPOL-samningsins frá '73/'78 & IBC kóðanum:

Magnflutningar: Á ekki við.

15. Upplýsingar varðandi regluverk.

15.1. Sértek ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis

Reglugerðir: Reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna (CLP).
Reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH).

Takmarkanir á notkun: -

15.2. Efnaöryggismat

Efnaöryggisskýrsla: Hefur ekki verið gerð.

16. Aðrar upplýsingar.

Dagsetning 1. útgáfu: 01/07/2020

Endurskoðun, dags.: -

Útgáfa númer: 1.0

Breyttir liðir: -

Öryggisblað gert fyrir: BEnano ehf. Lækjarmel 8 114 Reykjavík Sími 820 3701
<https://benano.is>

Gerð öryggisblaðs: EFNAVERND ehf. Reykjavík <http://efnavernd.is>

Helstu heimildir: Reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna (CLP), með síðari breytingum.
Reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH), með síðari breytingum.
Reglugerð nr. 390/2009 um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun á vinnustöðum, með síðari breytingum.
Reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs, með síðari breytingum.
Reglugerð nr. 1077/2010 um flutning á hættulegum farmi á landi, með síðari breytingum.
Öryggisblöð framleiðenda innihaldsefna og upplýsingar framleiðanda vöru, m.a. um eiginleika efnis/blöndu eftir því sem við á.

Hættuflokkun: Hættuflokkun vörunnar er gerð af framleiðanda.

Texti allra hættusetninga í kafla 2 og 3:

H225 Mjög eldfimur vökvi og gufa.
H302 Hættulegt við inntöku.
H312 Hættulegt í snertingu við húð.
H314 Veldur alvarlegum bruna á húð og augnskaða.
H319 Veldur alvarlegri augnertingu.
H332 Hættulegt við innöndun.
H336 Getur valdið sljóleika eða svima.
H400 Mjög eitrað lífi í vatni.

Aðrar upplýsingar: -

Ofangreindar upplýsingar eru byggðar á fyrirliggjandi vitneskju um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi þegar öryggisblöðin eru gerð en fela ekki í sér ábyrgð á eiginleikum vörunnar eða afleiddum afleiðingum af notkun hennar. Notkun vörunnar er á ábyrgð notenda þar sem hún er utan áhrifasviðs framleiðanda.

Þetta öryggisblað er unnið eftir MSDS frá Ropimex R. Opel GmbH, D-66538 Neunkirchen, Germany, dags. 06.07.2016.